



# Félag sjúkráþjálfara

## Aðalfundur Félags sjúkráþjálfara 3. apríl 2025

Fjarskiptaforritið teams, kl 17:03 – 18:55

8 félagar auk 7 starfsmanna fundarins á staðnum, 2 fylgdust með í streymi

### Kosning fundarstjóra og fundarritara:

Gunnlaugur Már Briem formaður félagsins býður gesti velkomna á aðalfund. Gunnlaugur stingur upp á Gauta Skúlasyni sem fundarstjóra og Friðu Brá Pálsdóttur og Þóru Björg Sigurþórsdóttur sem fundarriturum og var það samþykkt.

Gauti fundarstjóri tók við stjórn fundar. Fundurinn telst löglegur, enda löglega til hans boðað. Fundurinn fer fram í fjarfundarforritinu teams og fer hann yfir fyrirkomulagið á framkvæmd fundarins í gegnum forritið.

### 1. Skýrsla stjórnar og nefnda um störf félagsins á liðnu ári:

Fundarstjóri gaf Gunnlaugi formanni orðið til að flytja ársskýrslu stjórnar. Stiklað á stóru í starfi félagsins sl. ár.

Skýrsluna má sjá í heild sinni á innri vef félagsins, [sjukrathjalfun.is](http://sjukrathjalfun.is)

Engar spurningar bárust um skýrslu stjórnar.

Gunnlaugur formaður fór yfir skýrslu kjaranefnda. Skýrslurnar eru í heild sinni á innri vef félagsins, [sjukrathjalfun.is](http://sjukrathjalfun.is).

*Spurning, Guðrún Sigurðardóttir: Hvað voru margir sem kusu um samningu sjálfstætt starfandi?*

*Svar, Gunnlaugur Már Briem: Er ekki með þessa tölu á hreinu en meirihluti var fyrir honum og yfir 90% greiddra atkvæða samþykkti samninginn.*

Skýrslur annarra nefnda FS eru aðgengilegar á innri vef félagsins, og stiklar Gauti fundarstjóri á stóru í starfi nefndanna.

### 2. Reikningsskil:

Gjaldkeri FS, Kári Árnason, kynnti reikninga félagsins og fjárhagsstöðu. Reikningar félagsins eru á innri vef FS.

Reikningur	Félags	sjúkráþjálfara	kynntur
Reikningur um Gagna			kynntur
Reikningur Vísindasjóðs	fagdeildar		kynntur
Reikningur Kjarabaráttusjóðs			kynntur

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá um alla reikninga félagsins.

*Spurning, Margrét Brynjólfsdóttir: Spurt um annan rekstrarkostnað þar sem talsverður munur er milli ára?*

*Svar, Fjóla Jónsdóttir (Framkvæmdastjóri SIGL): Munurinn felst fyrst og fremst í húsaleigunni og kostnaði vegna húsnæðis í Borgartúni 6.*

*Spurning, Hildur Sólveig Sigurðardóttir: Spurt um hvað fellst í öðrum skammtímaskuldum hjá félaginu?*

*Svar, Fjóla Jónsdóttir: Aðrar skammtímaskuldir hjá félaginu eru laun, fjármagnstekjuskattur*

og starfslokasjóður sem ekki er búið að greiða út. Þar eru 550.000kr sem eru skattar af heildarávöxtun verðbréfa frá upphafi. Ekki greitt, en bókfært.

Reikningar Félags sjúkraþjálfara, Gagna, Vísindasjóðs fagdeildar og Kjarabaráttusjóðs eru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

### 3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda:

Kári Arnason, gjaldkeri FS, fer yfir fjárhagsáætlun 2025.

Fundarstjóri opnar mælendaskrá um fjárhagsáætlun 2025.

Engar athugasemdir eða spurningar varðandi fjárhagsáætlun berast.
Fjárhagsáætlun 2025 borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Gunnlaugur Briem formaður félagsins kynnir ákvörðun félagsgjalda, en stjórn leggur til óbreytt félagsgjöld fyrir árið 2025.

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá, engar spurningar eða athugasemdir berast.

### 4. Tillögur félagsstjórnar:

Stjórn FS leggur til að greiðslur til Vísindasjóðs Fagdeildar skuli nema 10% af fagdeildargjöldum í stað 7%. Tillagan er byggð á 17. gr. laga Félags Sjúkraþjálfara sem fjalla um félagsgjöld. Gunnlaugur fer yfir greinagerð sem fylgir tillögunni. Tillagan í heild sinni er aðgengileg á innri vef félagsins.

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá um tillögur félagsstjórnar.

Unnur Pétursdóttir: Lýsir yfir mikilli ánægju með þessa tillögu:

Spurning, Auður Ólafsdóttir: Hvað hefur dagur sjúkraþjálfara skilað miklu inn í Vísindasjóð Fagdeildar síðustu ár? Ekki mótfallin tillögunni, bara forvitin.

Svar, Gunnlaugur Már Briem: Dagur sjúkraþjálfunar hefur undanfarin ár skilað 0 krónum í Vísindasjóð fagdeildar. Undanfarin ár hefur verið sótt um styrk til starfsþróunarseturs til að halda gjöldum dagsins fyrir félagsfólk niðri. Til að koma út á núlli fyrir daginn þyrfti að hækka ráðstefnugjöld um marga tugi prósent og því hefur ekki verið farið í það, með hagsmuni félagsfólks að sjónarmiði.

Tillaga félagsstjórnar borin undir atkvæði og er hún samþykkt.

Fundarstjóri ber þá lög félagsins í heild sinni undir atkvæði og eru þau samþykkt samhljóða.

### 5. Kosning formanns og stjórnar:

Gunnlaugur Már Briem formaður er kjörinn fram til 2026

Guðný Björg Björnsdóttir er kjörin til 2026

Kári Arnason er kjörinn til 2026

Þóra Björg Sigurþórsdóttir gefur kost á sér til 2027

Hildur Sólveig Sigurðardóttir gefur kost á sér til 2027

Varamenn:

Hjörtur Ragnarsson gefur kost á sér til 2026

Arna Steinarsdóttir gefur kost á sér til 2027

Engin mótframboð hafa borist og eru þau þar með sjálfkjörin.

### 6. Kosning tveggja skoðunarmanna:

Gunnar Viktorsson er kjörinn til 2026  
Birna Björk Þorbergsdóttir er kjörin til 2026

Á aðalfundi 2026 verður óskað eftir einu framboði til eins árs og einu framboði til tveggja ára til að tryggja skörun fulltrúa. Ekki kosið um þessi embætti að þessu sinni.

## 7. Kosning í kjaranefnd félagsins:

### Fyrir hönd launþega:

Heidi Andersen er kjörin fram til 2026  
Guðrún Día Hjaltsted er kjörin til 2026  
Rósa Guðlaug Kristjánsdóttir gefur kost á sér til 2027  
Magnea Heidiur Unnarsdóttir gefur kost á sér til 2027  
Guðjón Gunnarsson gefur kost á sér til 2027.

Varamenn:

Ásta Kristín Gunnarsdóttir er kjörin til 2026  
Fríða Brá Pálsdóttir gefur kost á sér til 2027

Engin mótframboð hafa borist og er þau þar með sjálfkjörin.

### Fyrir hönd sjálfstætt starfandi:

Auður Ólafsdóttir er kjörin til 2026  
Haraldur Sæmundsson er kjörinn til 2026  
Róbert Magnússon er kjörinn til 2026  
Hjörtur Freyr Ragnarsson gefur kost á sér til 2027  
Guðrún Sigurðardóttir gefur kost á sér til 2027

Varamaður:

Sigurvin Ingi árnason er kjörin til 2026  
Ólafur Þór Guðbjörnsson gefur kost á sér til 2027

## 8. Kosning í nefndir:

### Fagnefnd (kosin til 2ja ára):

Ásdís Magnúsdóttir er kjörin til 2026  
Sigrún Matthíasdóttir er kjörin til 2026  
Fjóla Dröfn Guðmundsdóttir gefur kost á sér til 2027

Eitt framboð vantar og stjórn falið að skipa í þetta embætti.

### Siðanefnd (kosin til 3ja ára):

Berglind Helgadóttir er kjörin til 2026  
Erna Kristjánsdóttir er kjörin til 2027  
Margrét Sigurðardóttir er kjörin til 2027

Varamaður:

Heiðbjört            Tíbrá            Kjartansdóttir            er            kjörin            til            2026

Ekki voru laus sæti í siðanefnd og því ekki kosið.

### Uppstillinganefnd (kosin til 2ja ára):

Hjörtur Ragnarsson er kjörinn til 2026  
Sigurður Sölvi Svavarsson gefur kost á sér til 2027  
Hjalti Valur Þorsteinsson gefur kost á sér til 2027

Stjórn vísindasjóðs (skipuð til 3ja ára):

Atli Ágústsson er kjörin til 2026

Unnur Sædis Jónsdóttir er kjörin til 2027

Ásdís Kristjánsdóttir er kjörin til 2027

Varamaður :

Haraldur Björn Sigurðsson er kjörinn til 2027

Fræðslunefnd (kosin til 3ja ára f.o.m. 2017, áður til 2ja ára):

Hrefna Indriðadóttir er kjörin til 2026

Fergus Matthews er kjörinn til 2026

Harpa D. Georgsdóttir er kjörin til 2026

Arnar Freyr Hermannsson er kjörinn til 2026

Maria Johanna van Djik eru kjörin til 2027

Stefán Ólafsson er kjörin til 2027

Tómas Gunnar Tómasson er kjörinn til 2027

Kristjana Jónsdóttir gefur kost á sér til 2028

Varamenn:

Friðný María Þorsteinsdóttir er kjörin til 2026

Jakob Jónsson gefur kost á sér til 2028

Engin mótframboð hafa borist og er þau þar með sjálfkjörin.

Ritnefnd:

Sólveig Steinunn Pálsdóttir er kjörin til 2026

Þar sem tvö sæti eru laus leggur fundarstjóri til að stjórn sé falið að skipa í ritnefnd félagsins.

Fræðileg ritstjórn – ritrýni (skipuð af stjórn til 3ja ára):

Guðný Lilja Oddsdóttir er skipuð til 2026

Sólveig Ása Árnadóttir er skipuð til 2027

Gunnlaugur Jónasson er skipuð til 2027

Karl Fannar Gunnarsson er skipaður til 2027

Ekki voru laus sæti í fræðilegri ritstjórn og því ekki kosið í þá nefnd.

Stjórn Gagna sjóðs (skipuð af stjórn til 2ja ára):

Auður Ólafsdóttirv er kjörin til 2026

Ragnar Friðbjarnarson er kjörinn til 2026

Haraldur Sæmundsson gefur kost á sér til 2027

Engin mótframboð hafa borist og er hann þar með sjálfkjörinn.

Stjórn kjarabaráttusjóðs (skipuð af stjórn til 3ja ára):

Gísli Vilhjálmur Arnason er skipaður til 2027

Unnur Árnadóttir er skipuð til 2026.

Eitt sæti er laust í stjórn kjarabaráttusjóðs. Stjórn skipar þetta sæti.

## 9. Lagabreytingar:

Tvær lagabreytingartillögur hefur borist frá stjórn FS.

Í fyrsta lagi er um orðalagsbreytingu á 4. grein laganna að ræða. Gunnlaugur kynnir tillöguna og er hún aðgengileg á innri vef félagsins.

“Rétt til kjaraaðildar eingöngu eiga þeir sjúkraþjálfarar sem taka laun eftir kjara- og/eða verktakasamningum sem félagið **gerir** hefur gert fyrir þeirra hönd, en óska þess sérstaklega að hafa ekki fagaðild að félaginu.”

Fundastjóri opnar fyrir mælendaskrá varðandi fyrri lagabreytingatillögu stjórnar. Fundarstjóri ber fyrri lagabreytingatillögu stjórnar undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði um rétt stjórnar til að skipa stöður trúnaðarstarfa sem ekki tekst að manna með kosningu á aðalfundi félagsins. Tillagan er aðgengileg á innri vef félagsins.

“Ef ekki berast framboð í störf og nefndir á aðalfundi þá er stjórn heimilt að skipa sérstaklega í viðkomandi stöður. Er ákvæði þetta sett til að tryggja störf og getu nefnda til að vinna að hagsmunum félagsins og félagsfólks. Ákvæði þetta tekur ekki til skipunar í stjórn félagsins.”

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá varðandi seinni lagabreytingatillögu stjórnar.

*Spurning, Margrét Brynjólfsdóttir: Eru starfsreglur um hvernig er skipað í nefndir?  
Svar, Gunnlaugur Már Briem: Stjórn myndi þurfa setja sér starfsreglur um skipun í nefndir, verði þetta gert að lögum.*

Fundarstjóri ber seinni lagabreytingatillögu stjórnar undir atkvæði og er hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

## 10. Önnur mál:

Félagsstjórn leggur til eitt mál undir liðnum, um breytingu á starfsreglum vísindasjóðs fagdeildar. Gunnlaugur kynnir tillöguna, en tillagan í heild sinni er að finna á innri vef félagsins.

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá varðandi tillögu stjórnar um breytingu á starfsreglum vísindasjóðs fagdeildar.

*Spurning, Fjóla Jónsdóttir: Ábending varðandi orðalag þar sem tekið er fram að sendur sé launaseðill til einstaklings. Spurning hvort þetta sé rétt hugtak.*

Fundastjóri samþykkir að kjósa um að stjórn fái leyfi til að uppfæra þetta orðalag eftir að fundi líkur.

Fundarstjóri ber þá tillögu undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

*Spurning, Unnur Pétursdóttir: Ábending varðandi orðanotkunina vanhæfi stjórnaraðila. Lagt til að nota “ef vafi leikur á um hæfi” en ekki vanhæfi.*

*Svar, Gunnlaugur: Fyrir hönd stjórnar gerum við þetta að tillögu stjórnar.*

*Hildur Sólveig Sigurðardóttir: Telur hugtakið launamiði eigi við í stað launaseðill miðað við heimasíðu skattsins.*

*Gunnlaugur: Fyrir hönd stjórnar er lagt til að sú tillaga að breyta orðalaginu launaseðil í launamiða.*

Fundarstjóri lokar mælendaskrá.

Fundarstjóri ber þá breyttar starfsreglur Vísindasjóðs Fagdeildar undir atkvæði og eru þau samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri ber þá lögina upp í heild sinni með þeim breytingum sem hafa verið gerðar. Tillagan er samþykkt samhljóða.

*Unnur Pétursdóttir tekur til máls og kynnir sig sem fyrrum formaður FS. Hún er með þrjár athugasemdir og tvær spurningar.*

- 1. Þegar hún tók við félaginu árið 2013 eftir sameiningu fyrirrenna félagsins mættu 12 á aðalfund. Hún segir lélega mætingu á aðalfundi til marks um ánægju í félaginu. Hún telur mætingu í dag merki um að allt sé í góðu lagi í félaginu, og ekki merki um að starfsemi félagsins sé lítil eða léleg.*
- 2. Ársreikningar bera líka vitni um góða stjórn og vandaða meðferð á fjármunum. Þakkar fyrir þetta. Nefnir sérstaklega erlendu samskiptin, sem hún segir gríðarlega mikilvæg, hvort sem um er að ræða heimssambandið, evrópudeildina eða norrænu fundirnir. Hér sé um að ræða lífæð stjórnar og formanns. Hún leggur mikla áherslu á að erlendu samstarfi sé haldið áfram og hægt að opna þau samskipti fyrir fleiri stjórnarmeðlimum.*
- 3. Minningarsjóður Guðlaugar Pálsdóttur, vill vekja athygli á honum. Guðlaug Pálsdóttir var sjúkraþjálfari í fyrsta útskriftarhóp sjúkraþjálfara við HÍ sem lést að slysförum langt fyrir aldur fram. Fjölskyldan stofnaði minningarsjóð um hana, og hefur stjórn FS nú verið falin umsjón um þennan sjóð. Vill minna stjórn vísindasjóðs á að þessi sjóður er líka til, og komi inn styrkumsóknir með áherslu á vinnuvernd má muna eftir honum.*

*Spurningar Unnar*

- 1. Spurt hvort það verði kvölddagskrá á degi sjúkraþjálfunar og leggur áherslu á mikilvægi þess.*

*Svar: Gunnlaugur segir það ekki vera skipulagt sem stendur.*

- 2. Spurt hve stefna stjórnar er varðandi blaðið? Hún lýsir áhyggjum yfir því hve illa gengur að manna ritnefni þrátt fyrir að blaðið sé komið í 10stiga flokk. Veltir því einnig fram hvað félagsfólk vill gera og hvað hægt sé að gera?*

*Svar: Gunnlaugur segir að í nokkur ár hafi reynt erfitt að manna nefndina. Vegna undirmönnunar á skrifstofu ákvað stjórn að fara í ákveðnar breytingar og fenginn var verkefnastjóri í þetta verkefni. Vakin hefur verið athygli á eðli starfs í ritnefndinni. Þetta er verðugt verkefni og mikilvægt að finna lendingu á þessu.*

*Margrét Brynjólfsdóttir spyr hvort óskað sé formlega eftir efni í blaðið? Fríða Brá Pálsdóttir svarar að óskað sé eftir ábendingum um efni í blaðið en ekki auglýst með formlegum hætti eftir efni. Vekur athygli á að enn virðist misskilningur á því hvernig blaðið er unnið frá þeim tíma þegar blaðið flakkaði milli vinnustaða. Nú sé fyrst og fremst um hugmyndavinnu að ræða.*

*Unnur Pétursdóttir spyr hvort stjórn hafi skoðað aðrar og nýjar leiðir við útgáfu blaðsins. Hún tekur sem dæmi hve mikil samkeppni sé á internetinu og hvar félagsfólk vilji sækja sér efni blaðsins. Hún spyr hvort skoðað hafi veið að hafa blaðið aðeins á rafrænu formi en minnst á það að til að halda viðurkenningu blaðsins þurfi það að vera gefið út á prenti. Hún spyr einnig hvort vilji sé fyrir því umbreyta þessu á þann hátt að það höfði betur til félagsmanna að taka þátt við að búa til blaðið og hvort við viljum breyta blaðinu sjálfu? Gunnlaugur svarar að fyrir næsta blað sé gert ráð fyrir því að þau sem senda inn ritrýndar greinar séu upplýst um birtingu þeirra á samfélagsmiðlum og að höfundar dragi út það efni sem birtist þar.*

*Fríða leggur áherslu á hve mikilvægur vettvangur blaðið er fyrir ritrýndar greinar á íslensku. Hvetja ætti meistaranema að sækja um birtingu í blaðinu.*

*Spurning, Hildur Sólveig: Þakkar fyrir kjörið og þakkar fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir sín störf. Nú var gefin út áberandi yfirlýsing varðandi hnykkingar ungbarna. Hefur formaður fengið miklar athugasemdir í kjölfarið á þeim.*

*Svar, Gunnlaugur Már Briem: Það hafa ekki borist mikið af athugasemdum eða spurningum til félagsins. Umræðan fer að miklu leyti fram á samfélagsmiðlum, sem félagið tekur ekki þátt í sem slíkt en ein til tvær fyrirspurnir hafa borist félaginu. Aðdragandi málsins er langur, en fyrir 2-3 árum bárust fyrirspurnir frá fjölmiðlum um afstöðu okkar í þessum málum, en það var áður en þessi yfirlýsing var gefin út af IFOMPT og IOPTP. Við berum ábyrgð sem heilbrigðisstétt að miðla bestu upplýsingum hverju sinni, svo það var gert þegar yfirlýsingin kom út. Kollegar okkar a norðurlöndum styðja við þessa yfirlýsingu og Félag sjúkraþjálfara gerir það líka, þó við fögnum auðvitað málefnalegum umræðum í faginu og ekkert er hafið yfir gagnrýni. Ef afstaða breytist út í heimi þá breytum við okkar afstöðu.*

Gunnlaugur Már Briem: Minnir á að senda ábendingar um fólk sem fær gull eða silfurmerki félagsins.

Gunnlaugur Már Briem: Þakkar Fríðu Brá fyrir störf hennar í stjórn Félags Sjúkraþjálfara. Hún hefur verið ómetanleg bæði í stjórn félagsins og sem starfsmaður á skrifstofu en hún sinnti því starfi um tíma.

Anna Hulda Ingaóttir: Dagur sjúkraþjálfara hefur verið í maí sem hentar vel fyrir sjúkraþjálfara af landsbygðinni.

Margrét Brynjólfsdóttir tekur undir mikilvægi þess að hafa kvöldskemmtun eftir dag sjúkraþjálfunar.

Fundarstjóri lokar liðnum um önnur mál og afhendir Gunnlaugi fundarstjórnina.  
Gunnlaugur slítur fundinum klukkan 18:55.